

Fundargerð sambandsþings Landssambands ungmennafélaga 2017

Þann 25. febrúar í Háskóli Íslands kl. 13:00-16:00

1. Þingsetning og kosning þingforseta

- 1.1. Sigurður Siguðsson formaður LÆF setur þingið með ræðu og tilnefnir Ingu Auðbjörgu Straumland fyrrverandi formann LÆF til þingforseta. Þinginu var gefið færi á andmælum en engin berast, Inga er því kjörin þingforseti með lófataki.

2. Kosning þingritara og kjörbréfanefndar

- 2.1. Inga óskar eftir sjálfboðaliðum til að taka að sér þingritun. Ásta Lovísa Arnórsdóttir jafnréttisfulltrúi LÆF og Karlotta Halldórsdóttir Almannatengill LÆF gefa báðar kost á sér og óska eftir því að skipta með sér verkum. Var það samþykkt með lófataki.
- 2.2. Inga leggur fyrir þingið fyrirspurn frá Ungum Pírötum um að Viktor Orri Valgarðsson fái kosningarétt í stað Ásmunds Guðjónssonar sem var fjarverandi þingfulltrúi. Þingið samþykkti fyrirspurnina með lófataki.
- 2.3. Inga tilkynnti að Tinna Isebarn framkvæmdastjóri LÆF og Sigurður Siguðsson formaður LÆF hefðu gefið kost á sér til kjörbréfanefndar. Inga óskaði eftir fleirum sjálfboðaliðum og gaf Viktor Orri Valgarðsson kost á sér. Gefið var færi á andmælum, en engin bærust og voru ofantaldir því kjörnir fulltrúar kjörbréfanefndar með lófataki.

3. Inntaka nýrra aðildarfélaga

- 3.1. Tinna Isebarn framkvæmdastjóri LÆF gerði grein fyrir umsóknarferlinu og umsóknum um fulla aðild sem bærust frá Samfés og Ungliðahreyfingu Viðreisnar. Voru umsóknirnar lagðar fyrir stjórn, uppfylltu bæði félög skilyrði aðildar og hlutu félögin því áheyrnaaðild að þingi sem sker úr um fulla aðild umsóknarfélaganna.
- 3.2. **Umsókn Samfés:** Svava Gunnarsdóttir formaður Samfés og Victor Berg Guðmundsson framkvæmdastjóri Samfés kynntu félagið fyrir þinginu. Lagði Inga umsóknina til atkvæðagreiðslu og var hún samþykkt einróma.
- 3.3. **Umsókn Ungliðahreyfingar Viðreisnar:** Dagbjartur Fannar Lúðvíksson formaður Ungliðahreyfingar Viðreisnar kynnti félagið fyrir þinginu. Lagði Inga umsóknina til atkvæðagreiðslu og var hún samþykkt einróma.

4. Skýrsla stjórnar lögð fram til umræðu

- 4.1. Sigurður Siguðsson formaður LÆF kynnti ársskýrslu 2016. Engar fyrirspurnir bærust og var skýrsla stjórnar samþykkt af öllum þingfulltrúum.

5. Ársreikningar lagðir fram til umræðu og atkvæðagreiðslu

- 5.1. Kolbrún Þorfinnsdóttir gjaldkeri LÆF leggur fram ársreikning 2016 og greinir frá fjárhagsstöðu félagsins.
- 5.2. Spurning barst frá Ungum Pírötum hvort LÆF hafi yfirsýn yfir fjárhagsstöðu aðildarfélaganna. Tinna Isebarn framkvæmdastjóri LÆF gerði grein fyrir því að það hafi ekki verið gert nema með gróflegum hætti, en benti á að þörf væri á því að safna saman nákvæmari upplýsingum. Þá barst tillaga til næstu stjórnar þess efnis að skoða fjárhagsstöðu hvers félags fyrir sig.

5.3. Ársreikningur var lagður til atkvæðagreiðslu og var samþykktur einróma.

6. Fjárhags- og framkvæmdaráætlun lögð fram til umræðu

- 6.1. Sigurður Sigurðsson formaður LÆF lagði fram tillögu að fjárhags- og framkvæmdaráætlun fyrir kjörtímabilið 2017-2018. Tók hann fram að fráfaramandi stjórn hafi litlar sem engar forsendur til þess að leggja fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár þar sem að rekstrarsamningur við mennta- og menningarmálaráðuneytið liggur ekki fyrir. Auk þess vísaði hann í lagabreytingatillöguna um skyldu stjórnar til þess að leggja fram slíkar tillögur um áætlanir næstu stjórnar. Telur fráfaramandi stjórn að það skuli heldur vera í höndum nýrrar stjórnar. Lagði hann til að fjárhags- og framkvæmdaráætlun yrði heldur lögð fyrir fyrsta fulltrúaráðsfund. Tillaga að fjárhagsáætlun var lögð fyrir þingið og samþykkt einróma.
- 6.2. Ungar athafnakonur lögðu fram fyrirspurn um hvort hægt væri að breyta tillögunum á fulltrúaráðsfundi. Þá lagði Tinna Isebarn framkvæmdastjóri til að ný stjórn færi yfir áætlanirnar og legðu fyrir fulltrúaráð. Eftir umræður um hvernig best sé að afgreiða áætlanirnar samþykkti þingið að fresta úrskurði þar til eftir hlé.

7. Árgjald

- 7.1. Sigurður Sigurðsson formaður LÆF lagði til að árgjaldið myndi haldast óbreytt í 5000 kr. á hvert félag.
- 7.2. Fyrirspurn barst frá Ungum athafnakonum um hvers vegna aðildargjöldin væri ekki háð veltu félaganna. Kolbrún Þorfinnsdóttir gjaldkeri LÆF svaraði því að félagið liti á aðildargjöldin frekar sem táknrænt gjald frekar en veltufé.
- 7.3. Árgjaldið var lagt fram til atkvæðagreiðslu og var það samþykkt einróma.

Kaffihlé

- Inga benti þingfulltúum á að frestur til framboðs rennur út eftir lagabreytingar og fór yfir lista yfir frambjóðendur að ósk Ungra jafnaðarmanna.
- Framkvæmdaráætlun var tekin fyrir á ný. Var hún samþykkt með þeim fyrirvara að ný stjórn hafi heimild til að gera tillögur að breytingum sem lagðar verða fyrir fulltrúaráð. Engin andmæli bárust og var áætlunin samþykkt með einu atkvæði á móti.

8. Tillögur og ályktanir teknar til umræðu og atkvæðagreiðslu

- 8.1. **Stefna LÆF:** Jóhanna Gísladóttir formaður stefnumótunarnefndar LÆF og þingfulltrúi Ungra Pírata kynnir störf nefnar og stefnu LÆF. Opnað var fyrir umræður um stefnuna, enginn andmæli og var stefnan samþykkt með einu atkvæði á móti.
- 8.2. **Siðareglur:** Aron Leví Beck formaður siðanefndar LÆF og fulltrúi Ungra jafnaðarmanna kynnir störf nefndar og siðareglur LÆF. Ræddar voru ástæður þess að siðareglur voru settar á kjörtímabilinu og þörfina fyrir slíkar reglur. Umræður um siðareglur voru opnaðar, engar athugasemdir bárust. Siðareglurnar voru samþykktar, en einn þingfulltrúi sat hjá.

9. Lagabreytingar

- 9.1. Sigurður Helgi Birgisson alþjóðafulltrúi LÆF og fulltrúi Stúdentaráðs Háskóla Íslands fer fyrir nefndinni og kynnir lagabreytingar. Útskýrði hann að framkvæmdastjórn kjörtímabilsins 2015-2016 hafi lagt fram tillögu til sitjandi stjórnar um að leggja fram tillögu að nýju nafni fyrir sambandsþing 2017. Lagt var til að „Landssambandi æskulýðsfélaga (LÆF)“ yrði breytt í „Landssamband ungmennafélaga (LUF)“ - með þeim rökum að aðildarfélögin skilgreini sig heldur sem ungmennafélög, að það endurspegli félagið betur og er nútímalegra orð yfir ungt fólk, auk notað í daglegu tali.
- 9.2. Opnað var fyrir spurningar og spurt var hvort lagabreytinganefnd hafi gert tillögur að fleirum efnislegum breytingum. Svaraði hann að nefndin hafi bætt við einni grein um misferli.
- 9.3. Fram fóru umræður um skilgreiningar á „ungmennastarfi“, „félagsstörfum“ og „ungmennafélögum“.
- 9.4. Spurt var um breytingu á léninu fyrir heimasíðu félagsins. Lagt var til að youth.is geti verið notað áfram og að luf.is skuli kannað.
- 9.5. Athugasemd var gerð við 31. gr., þeirri sem lagabreytinganefnd lagði til að bæta við lögum. Var hún talin of opin, óskýr og tilgangslaus. Spurt var hvað eru viðeigandi aðgerðir, hvernig á stjórn að bregðast við og í hvaða tilvikum? Fram fóru langar umræður um lagagreininna með tilliti til siðareglna og lagt var til að greininni yrði sleppt eða hún sett fram með skýrari hætti. Gerði fulltrúi AFS jafnframt þá athugasemd að greinin væri í kaflanum um fjármál og lagði til að greinin yrði færð yfir í kafla um stjórn, yrði að 28. gr. og var sú tillaga samþykkt. Skýrari útgáfa af tillögunni var sett fram: „Komi upp misferli í starfi LUF, t.d. brot á lögum eða siðareglum félagsins, skal stjórn taka til viðeigandi aðgerða. Eftir atvikum í samráði við yfirvöld. Einfaldur meirihluti stjórnar LUF getur vikið stjórnarmanni eða fulltrúa í fulltrúaráði úr embætti komi upp misferli. Boða skal til fulltrúaráðsfundar innan mánaðar frá þeirri ákvörðun og þarfnast hún samþykkis 2/3 hluta fundarmanna til að öðlast gildi.“ Var sú tillaga samþykkt.
- 9.6. Þá gerðu Ungir píratar athugasemd við ósamræmi á milli auglýsingu og lögum um aldurstakmark til framboðs í alþjóðafulltrúa. Var fulltrú Ungra Pírata undir 18 ára aldri og í framboði til alþjóðafulltrúa. Var framboðinu þá breytt í meðstjórnanda.
- 9.7. Opnað var fyrir atkvæðagreiðslu um lagabreytingatillögur:
 - 9.7.1. Tillaga 1: Í 1. gr. er nafninu á félaginu breytt í „Landssamband ungmennafélaga skammstafað LUF“ Með samþykki þeirrar greinar yrði nafninu á lögnum breytt ásamt í hvert sinn sem nafn félagsins kemur fyrir í lögum. Var tillagan á breytingu á nafni félagsins samþykkt einróma.
 - 9.7.2. Tillaga 2: Í 2. gr. er gerð tillaga um að breyta „æskulýðsfélaga“ í „ungmennafélaga“. Með samþykki þeirrar tillögu er jafnframt samþykkt að æskulýðsfélög verð breytt í ungmennafélög á öllum stöðum í lögnum. Var tillagan samþykkt, einn var á móti og einn sat hjá.
 - 9.7.3. Tillaga 3: Í 2. gr. er gerð tillaga um að breyta „LUF vinnur að því að efla æskulýðsstarf og æskulýðsumræðu á Íslandi“ í „LUF vinnur að því að efla ungmennastarf og umræðu um málefni ungs fólks á Íslandi“. Var tillagan samþykkt einróma.
 - 9.7.4. Tillaga 4: Í 3. gr. lið b) var gerð tillaga um að breyta „Að halda á lofti mannréttindayfirlýsingu Sameinuði þjóðanna í hvívetna.“ í „Að vernda og

- efla réttindi ungs fólks og bregðast við þegar þaun eru virt að vettugi.“ Var tillagan samþykkt einróma.
- 9.7.5. Tillaga 5: Í 3. gr. lið e) var gerð tillaga um að breyta „Að veita aðildarfélögum upplýsingar um æskulýðsstarf og málefni er varða ungt fólk bæði á innlendum og erlendum vettvangi.“ í „Að veita aðildarfélögum upplýsingar um málefni og störf ungs fólks á innlendum sem og erlendum vettvangi.“ Gerðar voru tvær breytingatillögur við tillöguna:
- 9.7.5.1. Að breyta „störf“ í félagsstörf. Var tillagan samþykkt með einu atkvæði á móti og tveir sátu hjá.
- 9.7.5.2. Að breyta „störf ungs fólks“ í ungmennastörf. Var henni hafnað, aðeins fjögur atkvæði greidd með tillögunni.
- 9.7.6. Tillaga 6: Í 3. gr. lið f) var gerða tillaga um að bæta við „samvinnu“. Var tillagan samþykkt, en einn sat hjá.
- 9.7.7. Tillaga 7: Í 3. gr. lið i) var gerð tillaga um að breyta „Að vera í fararbroddi æskulýðsumræðu á Íslandi.“ í „Að stuðla að umræðu og þekkingarsköpun um málefni ungs fólks.“ Var tillagan samþykkt einróma.
- 9.7.8. Tillaga 8: Gerð var tillaga um að taka út lið j) í 3. gr. um „Að stuðla að og vera í fararbroddi í æskulýðsrannsóknum á Íslandi.“ Var tillagan samþykkt einróma.
- 9.7.9. Tillaga 9: Í 4. gr. lið c) var gerð tillaga um að breyta „Meginþungi starfseminnar er æskulýðsstarf fyrir börn og/eða ungt fólk...“ í „Meginþungi starfseminnar er að vinna fyrir ungmenni...“. Var tillagan samþykkt einróma.
- 9.7.10. Tillaga 10: Í 4. gr. lið f) var gerð tillaga um að bæta við „kyntjáníningar“. Var tillagan samþykkt með einu atkvæði á móti.
- 9.7.11. Tillaga 11: Í neðstu málsgrein 4. gr. var gerð tillaga um að taka út „Æskulýðsfélög sem starfa á vegum opinberra stofnanna eða...“ Tillagan var samþykkt með tveimur atkvæðum á móti og fjórir sátu hjá.
- 9.7.12. Tillaga 12: Í 6. gr. var gerð tillaga um að fella út „starfsskýrslu“. Var tillagan samþykkt einróma.
- 9.7.13. Tillaga 13: Í 10. gr. var gerð tillaga um að fella út „rekstraráætlun“. Var tillagan samþykkt, en tveir sátu hjá.
- 9.7.14. Tillaga 14: Í 15. gr. var gerðar tillögur um fimm orðalagsbreytingar. Var tillagan samþykkt með einu atkvæði á móti og einn sat hjá.
- 9.7.15. Tillaga 15: Í 18. gr. lið 6. var gerð tillaga um að breyta greininn úr „Fjárhags- og framkvæmdaáætlun lögð fram til umræðu“ í „Tillaga að framkvæmdaáætlun lögð fram til umræðu“. Var tillagan samþykkt einróma.
- 9.7.16. Tillaga 16: Í 24. gr. var gerð tillaga um að breyta „...skal atkvæði formanns gilda tvöfalt.“ í „...skal atkvæði formanns ráða úrslitum.“ Var tillagan samþykkt, en einn sat hjá.
- 9.7.17. Tillaga 17: Í 25. gr. var gerðar tillögur um að bæta við að stjórn skuli „skilgreina hlutverk meðstjórnenda“ og að „óski þau þess sérstaklega“ yrði fellt út. Voru tillögurnar báðar samþykktar einróma.
- 9.7.18. Tillaga 18: Í kafla VI um stjórn var bætt við lagagrein 28 aftast í kaflanum og er svo hljóðandi: „Komi upp misferli í starfi LUF, t.d. brot á lögum eða siðareglum félagsins, skal stjórn taka til viðeigandi aðgerða. Eftir atvikum í samráði við yfirvöld. Einfaldur meirihluti stjórnar LUF getur vikið stjórnarmanni eða fulltrúa í fulltrúaráði úr embætti komi upp misferli. Boða

skal til fulltrúaráðsfundar innan mánaðar frá þeirri ákvörðun og þarfnast hún samþykkis 2/3 hluta fundarmanna til að öðlast gildi.“ Var tillagan samþykkt, en þrír sátu hjá.

9.7.19. Tillaga 19: Í 29. gr. var gerð tillaga um að bæta við „...það hefur ekki fjárhagslega burði til greiðslu þess. Undanþágubeiðni skal send til stjórnar LUF ásamt gögnum til rökstuðnings“ og taka út „...fjárhagsstaða félagsins kallar svo á , eðavegna annara rökstuddra ástæðna sem stjórn LUF tekur gilda“. Var tillagan samþykkt einróma.

9.8. Kosið var um lög in í heild sinni og voru þau samþykkt af öllum þingfulltrúum.

10. **Tilkynningar um framboð til formanns, varaformanns, gjaldkera, alþjóðafulltrúa og tveggja meðstjórnenda rennur út.**

11. **Kynning á fulltrúum í fulltrúaráði**

11.1. Matthew Deaves varaformaður LÆF og formaður fulltrúaráðs kynnir fulltrúa í fulltrúaráði kjörtímabilið 2016-2017.

12. **Kosning formanns, varaformanns, gjaldkera, ritara, alþjóðafulltrúa og tveggja meðstjórnenda**

12.1. Í framboði til formanns er Sigurður Helgi Birgisson fulltrúi Stúdentaráðs Háskóla Íslands (SHÍ). Hann kynnir sig fyrir þinginu og er sjálfkjörinn með lófataki.

12.2. Í framboði til varaformanns er Sara Sigurðardóttir fulltrúi Sambands íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE). Hún kynnir sig fyrir þinginu og er sjálfkjörin með lófataki.

12.3. Í framboði til gjaldkera er Marínó Örn Ólafsson fulltrúi Ungra jafnaðarmanna (UJ). Hann kynnir sig fyrir þinginu og er sjálfkjörin með lófataki.

12.4. Í framboði til ritara eru:

12.4.1. Una Hildardóttir fulltrúi Ungmennadeildar Norræna félagsins (UNF).

12.4.2. Ármann Örn Friðriksson fulltrúi Sambands ungra Framsóknarmanna (SUF).

12.4.3. Þau kynna sig og fram fer leynileg kosning.

12.4.4. Greidd atkvæði voru 32. Una Hildardóttir sigraði kosningu og tekur sæti sem ritari í stjórn LUF.

12.5. Í framboði til alþjóðafulltrúa er Laufey María Jóhannsdóttir fulltrúi Ungra athafnakvenna (UAK). Hún kynnir sig og er sjálfkjörin með lófataki.

12.6. Í framboði til meðstjórnenda eru:

12.6.1. Guðbjört Angela Mánadóttir fulltrúi Sambands íslenskra framhaldsskólanema (SÍF).

12.6.2. Jovana Pavlovic fulltrúi Ungra vinstri grænna (UVG).

12.6.3. Pétur Halldórsson fulltrúi Ungra umhverfissinna (UU).

12.6.4. Ólafur Hrafn Halldórsson fulltrúi Ungra Pírata (UP).

12.6.5. Ármann Örn Friðriksson fulltrúi Sambands ungra Framsóknarmanna (SUF).

12.6.6. Þau kynna sig og fram fer leynileg kosning.

12.6.7. Guðbjört Angela sigraði kosninguna með yfirburðum. Talið var tvisvar þar sem Ólafur Hrafn og Ármann Örn stóðu jafnir. Því var krafist annarar umferðar kosningar á milli þeirra tveggja.

- 12.6.8. Þá lá fyrir niðurstaða um fullskipaða stjórn LUF. Tóku Ungir Píratar sæti í stjórn þar sem Ólafur Hrafn sigraði með litlum mun, þó var ekki talin þörf á endurtalningu að mati kjörbréfanefndar. Guðbjört Angela og Ólafur Hrafn taka sæti meðstjórnenda.

13. **Kosning skoðunarmanna reikninga**

- 13.1. Sigðurður Sigurðsson tilnefnir Kolbrúnu Þorfinnsdóttur fráfarandi gjaldkera sem skoðunarmann reikninga og Jóhanna Gísladóttir formaður stefnumótunarnefndar LUF og fulltrúi Ungra Pírata gefur einnig kost á sér. Eru þær sjálfkjörnar með lófataki.

14. **Önnur mál**

- 14.1. Fyrir hönd fráfarandi stjórnar býður Inga viðstöddum til samverustundar í Stúdentakjallaranum og gefur fráfarandi formanni orðið.
- 14.2. Sigurður Sigurðsson tekur fyrir önnur mál og þakkar fyrir viðstöddum fyrir samstarfið á kjörtímabilinu og vel heppnað sambandsþing. Þakkar hann jafnframt framkvæmdastjóra fyrir vel unnin störf.
- 14.3. Viktor Orri Valgarðsson óskar eftir að fá að koma að undir liðnum og fjallaði hann um sérstakar umræður um æskulýðsmál á Alþingi, þá þverpólítísku sátt sem málaflokkurinn hefur nú á dögum og þau einstöku tækifæri til þess að breyta til hins betra. Hvatti hann framkvæmdastjóra og nýja stjórn til þess að nýta tækifærið.
- 14.4. Viðstaddir stóðu upp og klöppuðu fyrir fráfarandi stjórn.
- 14.5. Sigurður Helgi Birgisson nýkjörinn formaður LUF ávarpaði viðstadda með hvatningarorðum og slítur sambandsþingi 2017.